

# Fundargerð 444. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, þriðjudaginn 14. júní kl. 10:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Akureyri.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Rebekka Hilmarsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2022 - 2110003HA**  
Lögð fram til staðfestingar fundargerð 443. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 1. apríl sl.  
*Fundargerðin staðfest.*
- Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA**  
Lögð fram til kynningar dagskrá hafnasambandsþings 2022.  
*Drög að dagskrá þingsins samþykkt og starfsmanni falið að hefja undirbúning.*
- Siglingaráð 2017-2025 - 2009019HA**  
Lögð fram til kynningar fundargerð 31. fundar Siglingaráðs frá 3. mars 2022.
- Reglur um styrki vegna fordæmisgefandi úrskurða og dómsmála - 2206001HA**  
Lögð fram drög að styrkjareglum vegna fordæmisgefandi dómsmála er varða hafnarrekstur.  
*Stjórn Hafnasambands Íslands samþykkir reglurnar með þeim breytingum sem voru ræddar á fundinum.*
- Áform um breytinga á hafnalögum: Ytri hafnarmörk - 2112002HA**  
Lagðar fram niðurstöður könnunar Hafnasambands Íslands á áhrifum hugsanlegra breytinga á ytri mörkum hafnasvæða.
- Mengunarvarnaráð 2022-2026 - óskað tilnefningar - 2206002HA**  
Lagt fram erindi frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 2. júní 2022, þar sem óskað er eftir að Hafnasamband Íslands tilnefndi þrjá fulltrúa í mengunarvarnaráð hafna. Í dag sitja þar Jón Björn Hákonarson, Halldór Karl Hermannsson og Bergsteinn R. Ísleifsson. samþykkt að tilnefna þá aftur

7. **Farþegagjald - 2108001HA**

Lagður fram úrskurður innviðaráðuneytisins um farþegagjald sem kveðinn var upp þann 25. mars 2022.

*Stjórn óskar eftir minnisblaði um málið frá lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga og jafnframt er samþykkt að óska eftir fundi með ráðherra til að ræða málefni hafna.*

Fundi var slitið kl. 11:15

---

Lúðvík Geirsson

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Pétur Ólafsson

---

Björn Arnaldsson

---

Ólafur Þór Snorrason